

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 211/2024

2024/EES/92/30

frá 23. september 2024

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1311 frá 3. maí 2024 um færslu heitis í skrána yfir landfræðilegar merkingar fyrir brennda drykki („Trenčianska borovička „JUNIPERUS“/Trenčianska borovička „JUNIPERIERS“ – TRENČÍN DISTILLERY“) ⁽¹⁾.
- Ákvörðun þessi varðar löggjöf um brennda drykki. Ákvæði löggjafar um brennda drykki skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og tilgreint er í inngangsorðum XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 9azd (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2587) í XXVII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„9aze. **32024 R 1311:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1311 frá 3. maí 2024 um færslu heitis í skrána yfir landfræðilegar merkingar fyrir brennda drykki („Trenčianska borovička „JUNIPERUS“/Trenčianska borovička „JUNIPERIERS“ – TRENČÍN DISTILLERY“) (Stjtið. ESB L, 2024/1311, 8.5.2024).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2024/1311, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 24. september 2024, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild Stjórnartíðinda Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2024/1311, 8.5.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/1311/oj

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.